

Skipulags- og byggingarnefnd Skorradalshrepps 194. fundur

Fimmtudaginn 16. október 2025 kl.08:00, hélt skipulags- og byggingarnefndar Skorradalshrepps fund á Hvanneyri. Þessir sátu fundinn: Pétur Davíðsson, Ingólfur Steinar Margeirsson, Sigrún Guttormsdóttir Þormar og Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir.

Fundargerð ritaði: Sigurbjörg Ósk Áskelsdóttir, skipulagsfulltrúi.

Þetta gerðist:

Fundargerðir til staðfestingar

1. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa - 82 - Mál nr. 2510001F

Fundargerð lögð fram til kynningar

- 1.1 2201007 - Indriðastaðahlíð 166, umsókn um byggingarleyfi
- 1.2 2510002 - Indriðastaðir 33, Umsókn um byggingarh. eða -leyfi, flokkur 1
- 1.3 2510003 - Grenihvammur 5, Umsókn um byggingarh. Flokkur 1
- 1.4 2510006 - Stráksmýri 9, Umsókn um byggingarh. eða -leyfi flokkur 1
- 1.5 2510004 - Dagverðarnes 204, Umsókn um byggingarh. eða -leyfi flokkur 1
- 1.6 2307011 - Erindi vegna Indriðastaðahlíðar 166

Framkvæmdarleyfi

2. ON óskar álits ÚUA um leyfisskyldu vegna jarðvegsstíflu, Andakílsárvirkjun, mál nr. 157-2025 - Mál nr. 2510007

Orka náttúrunnar ohf. og Orkuveita Reykjavíkur (Orkuveitan) hefur óskað eftir því að Úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála (ÚUA) veiti álit sitt á því hvort fyrirhugaðar framkvæmdir við tímabundna styrkingu stíflumannvirkja við Andakílsárvirkjun séu leyfisskyldar samkvæmt lögum um mannvirki nr. 160/2010 eða skipulagslögum nr. 123/2010. Nánar tiltekið er þess óskað að nefndin úrskurði, með vísan til 4. mgr. 9. gr. laga nr. 160/2010 um mannvirki og 8. mgr. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hvort lög áskilji að byggingarleyfi eða framkvæmdaleyfi þurfi að liggja fyrir áður en til framkvæmdanna kemur. Sveitarfélagið hefur frest til 24. október nk. til að koma á framfæri athugasemdum sínum.

Skipulags- og byggingarnefnd felur lögmanni Sóknar lögmannsstofu að koma athugasemdum sveitarfélagsins á framfæri við ÚUA.

Fleira ekki gert.
Fundi slitið kl. 09:00.



Pétur Davíðsson



Ingólfur Steinar Margeirsson



Sigrún Guttormsdóttir Þormar